

Vinnsluferli eineltismála

Vinnuferli þegar upp kemur grunur um agabrot og/eða einelti

Nemandi/foreldri tilkynnir starfsmanni skólans grun sinn eða sannfæringu þá gerist eftirfarandi:

- ✓ Starfsmaður skóla skráir tilkynningu og kemur til umsjónarkennara/skólastjórnenda
- ✓ Umsjónarkennari notar gátlista við úrvinnslu vegna tilkynningar og;
 - Ræðir við þolanda
 - Ræðir við meinta gerendur eða geranda
 - Könnunarferli sett í gang sem byggir á eftirfarandi:
 - Tengslakönnun lögð fyrir ef ekki er til nýleg
 - Leitað upplýsinga hjá starfsfólki
 - Leitað upplýsinga hjá nemendum
 - Rætt við foreldra þolanda
 - Rætt við foreldra meints geranda
- ✓ Umsjónarkennari/deildarstjóri upplýsir starfsmenn skólans um málið og öðrum þeim sem koma að viðkomandi nemenda
- ✓ Starfsmenn fylgjast með framvindu og láta vita ef eitthvað óæskilegt er í gangi

Stýrihópur um einelti stjórnar vinnu með einelti og fylgist með eða kemur að úrvinnslu. Stýrihópurinn skipa námsráðgjafi Rakel Björk Káradóttir, Ingibjörg Björnsdóttir kennari og Helga Halldórsdóttir deildarstjóri sem jafnframt er tengiliður vegna Olweusarkannanna.

Nánar um úrvinnslu mála ef niðurstaða könnunar er einelti, áreiti eða eitthvert annað brot

- Einstaklingsviðtöl við þolendur þar sem þeir fá stuðning og eru hvattir til að láta vita ef atferlinu lýkur ekki
- Einstaklingsviðtöl við gerendur þar sem skilyrðislaust er farið fram á að áreiti/agabrot/einelti ljúki
- Ráðstafanir skipulagðar með foreldrum – þolanda og gerenda. Lausn fundin.
- Bekkjafundir
- Eftirfylgni þar sem rætt er reglulega við aðila sem tengjast viðkomandi máli, á fundi, með símtali eða tölvupósti
- Metið er hvort alvarleiki máls er það mikill að því skuli vísað til nemendaverndarráðs